

TILKYNNING

nr. 1/1996 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Samkeppnisstofnun hefur á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara ákveðið eftirfarandi flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum frá og með 4. júní 1996 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	1,10 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,60 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 193/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 31. maí 1996.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Laugarás í Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. apríl 1996 staðfest breytingu á staðfestu deiliskipulagi í Laugarási í Reykjavík, staðgreinireit 1.381.6, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að heimiluð verður 25 m² viðbygging við hús nr. 12 við Austurbrún.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 24. maí 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.